

löngu seinna. Bærinn stóð þar sem Þórður Thoroddsen læknir bygði hús sitt á horni Túngötu og Garðastrætis).

54. **Vaktarabær** (stóð vestur við Götuhúsatún, kendur við Guðmund Gissurarson vaktara. Seinna bjó þar Sigríður Ólafsdóttir ekkja og þar ólst upp sonur hennar Bertel E. Ó. Þorleifsson skáld).

55. **Finnbogabær**, sem Jón sál. Ólafsson átti — þar hefir Magnús Ólafsson snikkari bygt tvíloftað hús. (Þennan bæ reisti Finnbogi Björnsson, faðir Teits dýralæknis. 1859 keypti Jón Ólafsson prentari bæinn. Húsið, sem Magnús Ólafsson reisti þar er fyrir sunnan Grjótagötu og var lengi kallað „Hæstirjettur“, af því að það stóð hátt og var svo hátt að það gnæfði yfir byggingarnar þar um kring).

56. **Ásmundarbær**. (Hann var kendur við Ásmund Sigurðsson, bróður Einars í Melkoti. Þarna bjó lengi Þorkell Þórðarson, einn af hinum kunnu Borgarabæarbræðrum. Bærinn stóð fyrir norðan Helgabæ).

57. **Grjóti**. (Þetta var upphaflega hjáleiga frá Vík og er svo talið í Jarðabókinni. Þar fyrir norðan var Grjótatún. En þegar farið var að byggja dómkirkjuna, var grjótið til hennar rífið upp úr Grjótatúni og það ónýtt. Komu þar þá kál-garðar. Um miðbik 18. aldar var komið þarna bæahverfi. Í Grjóta bjó einu sinni Sighvatur Sighvats-son, langafi Sighvats Bjarnasonar bankastjóra. Grjóti stóð næstur fyrir norðan Helgabæ, neðan við Ásmundarbæ).

58. **Hákonarbær** (var fyrir norðan Grjótaþorpið. Hann var kendur við Hákon Oddsson frá Vatnsleysu, sem kallaður var Hákon ríki, þótt bláfátækur væri. Hann bygði bæinn um 1799. Sonur hans var Einar hattari og kaupmaður, kallaður Haakonsen. Seinna eignaðist



Melshúsabærinn austasti.

bæinn Jón, fóstursonur Geirs biskups. Sonur Jóns var Torfi formaður, er bjó þar alla sína tíð. Jón sonur Torfa reif bæinn um seinustu aldamót og bygði timburhús, sem enn stendur þar rjett fyrir austan — Mjóstræti 10).

59. **Birgittubær** var þar sem hús sjera Odds Gíslasonar stendur. (Hann var kendur við Birgittu Halldórsdóttur, ekkju Sigmundar Jónssonar trjesmiðs, er hafði reist hann. Seinna keypti Gísli Jónsson snikkari bæinn, reif hann 1844 og bygði þar timburhús, Brattagata 5. Kona Gísla hjet Rósa Grímsdóttir, „mikilúðleg kona, há og þrek-in og hafði hvellan málróm. Hún drotnaði yfir Grjótaþorpi og götunni, sem þá var altaf nefnd Rósu-stígur og húsið Rósu-hús.“ Sonur þeirra hjóna var sjera Oddur V. Gíslason).

60. **Sandholtsbær** þar sem nú stendur hús Thomsenssystra. (Hann stóð norðanvert við Grjótagötu og var kendur við Egil Sandholt, sem reisti hann. Að Agli látnum bjó Jens sonur hans þar til æviloka 1837. Seinast bjó þar Geir skóari Jónsson frá Hákonarbæ og var bærinn þá nefndur Geirsbær.

Hann var rifinn um 1850 og þar byggt timburhús, sem Stefán Eiríks-son trjeskeri átti).

61. **Arabær** (stóð norðan við Hákonarbæ og hjet upphaflega Hjallakot, en dró nafn af Ara Magnússyni, síðar í Skálholtskoti, af því að hann bjó þar um hríð. Þar var einu sinni þríbýli. Nú er þar Mjóstræti 4).

62. **Brekkubær** rifinn og þar byggt Vinaminni. (Þarna var upphaflega fjós mikið, sem Kristófer Faber átti. Var búið í vesturenda þess og kallað Fabersfjós. Þegar fjósið var rífið bygði Þóroddur nokkur Sigmundsson þar bæ og var hann kallaður Þóroddsbær. Seinna var honum gefið nafnið Brekka, en var alment kallaður Brekkubær. Þar bjuggu seinast Einar hattari Sæmundsson og Guðrún Ólafsdóttir. „Sigríður dóttir hjóna í Brekkubæ“ varð kona Eiríks meistara Magnússonar í Cambridge).

63. **Hákot**. (Það var reist nokkru eftir aldamót 1800, rjett hjá Arabæ. Bjó þar lengi Þórður Gíslason og síðan Jón sonur hans, bæjarfulltrúi og merkur maður, d. 1902).

64. **Vigfúsarkot**. (Það hjet fyrst